Menntaráð Kópavogs
24. mars 2026

Erindi vegna viðhalds, húsnæðisvanda og brýnna úrbóta í Snælandsskóla

Skólaráð Snælandsskóla vill með þessu bréfi vekja athygli á þeirri stöðu sem upp er komin varðandi bæði almennan viðhaldsvanda og sívaxandi húsnæðisþörf skólans. Fram hefur komið á skólaráðsfundum að þörfin hafi aukist ár frá ári og margar framkvæmdir hafa dregist, þrátt fyrir að verið hafi á borði í langan tíma. Slíkt hefur bæði áhrif á öryggi, vinnuaðstöðu og faglegt umhverfi nemenda og starfsfólks. Síðustu ár hefur þurft að bregðast við raka- og mygluvanda í húsnæðinu og var vel brugðist við því, en það er ósk foreldra og skólastjórnenda að öðru viðhaldi sé jafnframt sinnt til að fyrirbyggja að það leiði aftur til myglu eða annarra vandáamála ásamt því að brugðist sé við plássleysi og skipulagi sem þjónar þörfum skólastarfs í dag.

Almenn viðhaldsþörf – verkefni sem ekki hafa verið leyst þrátt fyrir ítrekanir

Ýmis verkefni hafa verið rædd á fundum síðustu ára og sum hver allt frá fyrri árum, án þess að þau hafi verið kláruð. Þar má nefna:

- Múrviðgerðir og málun á ytra byrði.
- Gluggar og gluggalistar eru víða farnir af fúa með tilheyrandi rakavanda og hættu á myglumyndun.
- Margir ofnar eru komnir á tíma, farnir að ryðga og geta valdið leka. Mikilvægt er að skipta þeim út áður en vatnstjón verður, sérstaklega í eldri álmunum.
- Slæm hljóðvist er í stjórnendaálmu og vinnur gegn trúnaðarsamtölum og viðkvæmum málefnum.
- Loftaplötur eru víða úr sér gengnar og safna miklu ryki, sem hefur valdið óþægindum hjá starfsfólki.
- Nokkur rými bíða enn dúkaskipta eftir rakaskemmdir.
- Í nýjum eða breyttum sérkennslurýmum hefur frágangur ekki verið kláraður og bráðabirgðalausnir eru enn við lýði.
- Ein lyfta er illa staðsett og bilanatíðni há, hefur bæði áhrif á aðgengi fatlaðra og einnig nemendur sem tímabundið þurfa á henni að halda vegna slysa og/eða aðgerða.
- Vinnuaðstaða í eldhúsi/mötuneyti

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Húsnæðisvandi, þrengsli og tvískipting rýma

Nemendafjöldi hefur vaxið umfram spár innan skólahverfis auk þess sem skólastarf í dag er skipulagt með öðrum hætti en á þeim tímum sem skólinn og viðbyggingar voru hannaðar.

- Plássleysi kallar á stöðugar bráðabirgðaaðgerðir og skammtímarými.
- Fjölmörgum rýmum hefur þurft að tvískipta eða nýta á annan hátt en upphaflega var gert ráð fyrir.
- Starfsmannaeldhús og vinnurými stjórnenda þarfnast endurskoðunar þar sem núverandi aðstæður valda óþægindum og óhagræði.

Snælandsskóli stendur frammi fyrir bæði viðhaldsverkefnum sem hafa verið ítrekuð árum saman og vaxandi húsnæðisvanda sem krefst tafarlausra úrbóta. Þessi mál snerta öryggi nemenda, vinnuumhverfi starfsfólks og gæði skólastarfs.

Skólaráð Snælandsskóla óskar þess að menntaráð taki stöðuna alvarlega og að næstu skref verði unnin í nánu samráði við skólastjórnendur sem þegar hafa komið með tillögur að breyttri og betri nýtingu skólahúsnæðisins og lagt fram lista yfir nauðsynleg viðhaldsverkefni. Þá er óskað eftir skýru tímaplani og forgangsröðun þar sem öryggi og grunnþjónusta eru sett í forgang.

Ef erindið þarf að fá umfjöllun á öðrum vettvangi en í menntaráði er óskað eftir því að erindinu verði vísað áfram og skólaráð Snælandsskóla upplýst um hvert málinu verður þá vísað.

Virðingarfyllst,

F.h. skólaráðs Snælandsskóla

Brynjar Ólafsson
Skólastjóri

Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir
Formaður foreldrafélags Snælandsskóla

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026